

Innviðaráðuneytið

Samgöngu- og fjarskiptamál

irn@irn.is

Mál nr. S-9/2024



2. febrúar 2024

Umsögn um drög að reglugerð um afnám leyfisskoðunar ökutækja

Í samráðsgátt stjórnvalda birtust 19. janúar sl. drög að reglugerð um afnám leyfisskoðunar ökutækja. Með reglugerðinni er ætlað að kveða á brott leyfisskoðun ökutækja en slík skoðun hefur verið ein af forsendum rekstrarleyfis samhliða aðalskoðun. Hingað til hefur leyfisskoðun farið fram árlega í samræmi við leyfisskoðunarhandbók sem Samgöngustofa gefur út. Samtök ferðapjónustunnar hafa í mörg ár bent á tilgangssleysi þessarar skoðunar enda eru þau atriði sem snúa að umferðaröryggi skoðuð í aðalskoðun. Ökutækin sem um ræðir eru færð árlega til aðalskoðunar.

Nú er verið að afnema leyfisskoðun sem er orðin úrelt fyrirbæri enda eru kröfurnar sem eru settar fram í leyfisskoðuninni ekkert skylt með öryggismál heldur snúa þær að gæða- og tæknikröfum. Oft á tíðum úreltum tæknikröfum. Hvernig hreinlæti eigi að vera, lýsing, gólfefni, sjónvarp, myndbandstæki og hljóðnemi svo eitthvað sé nefnt.

Í lok 2020 birti OECD úttekt á regluverki m.a. ferðapjónustunnar og þar voru nefndar 229 mögulegar samkeppnishindranir í regluverkinu sem varðaði ferðapjónustu og gerðar voru m.a. 121 afmarkaðar tillögur til breytinga. Ein af tillögunum snéri að tvöfaldri leyfisskyldu skv. lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017, þar sem fyrir utan hefðbundið starfsleyfi er krafa um sérstakt leyfi sem tengist skoðun í samræmi við gæða- og tæknikröfur Samgöngustofu. Tillaga OECD var að afnema kröfu um hópleyfisskoðun.

Samtök ferðapjónustunnar fagna því þessari breytingu og telja hana til þess fallna að draga úr óþarfa kostnaði fyrir stjórnvöld, hópferðafyrirtæki og þar með neytendur.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðapjónustunnar

Baldur Sigmundsson, lögfræðingur

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri